

Ed.

975. Breytingartillögur

við frv. til laga um laun starfsmanna ríkisins og við brtt. á þskj. 964.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við brtt. 34 á þskj. 964 (37. gr.).
 2. másl. 3. málsgr., „Hinn hluti ... sambandi við það“, orðast svo: Hinn hluti innheimtulaunanna skal renna að hálfu til hlutaðeigandi embættismanns, en að hálfu í sérstakan sjóð, sem fjármálaráðuneytið varðveitir og vera skal til tryggingar því tjóni, er hlutaðeigandi embættismaður kann að verða fyrir vegna innheimtunnar. Skal sú fjárhæð, er vera kann í þessum sjóði, þegar embættismaður lætur af störfum, greidd honum, þegar hann hefur skilað af sér embættinu.
2. Við 40. gr. (Bráðabirgðaákvæði).

Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Þeir, sem nú sitja í þeim embættum og stöðum, er lög þessi taka til, eiga kost á að taka laun samkvæmt þeim eða sitja við sömu laun og áður. Skal greiða launin samkvæmt þessum lögum, þar til þeir segja til um það, hvorn kostinn þeir taka, en segja skulu þeir til, áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna, ef þeir óska að halda fyrri launum.